

**Nr. 141 / 10 Skinney SF 20*****Skipverji slasast við fall***

*Skipaskr. nr.* 2732  
*Smíðaður:* Taiwan 2009, stál  
*Stærð:* 242 brl. 383 bt.  
*Mesta lengd:* 28,89 m *Skráð lengd:* 26,3 m  
*Breidd:* 9,19 m *Dýpt:* 6,8 m  
*Vél:* Mitsubishi 523 kW, 2006  
*Fjöldi skipverja:* 10



Skinney©Runólfur Hauksson

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 11. júlí 2010 var Skinney SF 20 á humarveiðum suður af Stórhöfða. Veður: S 3 m/s.

Skipverji sem var að vinna í lest við að kara humar ætlaði að fara á milli fiskikara á brúnum þeirra en við það hrasaði hann og lenti með hægri öxl með þeim afleiðingum að hann fór úr axlarlið. Siglt var með hann til Vestmannaeyja en þaðan var hann fluttur til Reykjavíkur.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði gat ekki gert sér grein fyrir hvernig atvikið átti sér stað en mögulega hefði einhver bleyta átt hlut að máli;
- að slasaði kvaðst hafa verið í góðum stígvélum.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.